

Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir			
FE-1123	Suðurgötu 12	Stein Ove Tveiten Forstjóri			
Arctic Sea Farm hf. Dýrafjörður	400 Ísafjörður	Steinunn Guðný Einarsdóttir Gæðastjóri			
Tilfni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu	Tímar við úttekt	Viðbótartímar	Yfirvinna
Reglubundin skoðun	3.2.2020	7.2.2020	9,00	0,00	0,00

Skoðuð voru og tekin afstaða til 21 skoðunatriða af 21. Gerðar eru kröfur um úrbætur í 2 skoðunatriðum, þar af 1 Alvarleg frávík og 1 Frávík. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Frestur til úrbóta

Næsta reglubundna skoðun

Alvarleg frávík

Frávík

2.1.1 Rekstrarleyfi

3.1.3 Eldisbúnaður

Aðrar athugasemdir

Reglubundið eftirlit með rekstrarleyfi Arctic Sea Farm í Dýrafirði fór fram 3. febrúar.

Ásamt því að skoða gæðakerfi og skráningar rekstrarleyfishafa var farið út á sjó á eldissvæðið Eyrarhlíð.

Þó nokkrir augnspottar voru lausir á tveimur kvíum sem voru skoðaðar. Nauðsynlegt er að fara yfir þetta og laga á öllum kvíum á stöðinni, sérstaklega eftir vont veður.

Í nóvember 2019 var heildarlífmassi eldisins orðinn meiri en 4.000 tonn og var hann yfir 4.000 tonnum í þrjár vikur. Matvælastofnun gerir alvarlega athugasemd við þetta brot á rekstrarleyfi Arctic Sea Farm, en ábyrðaraðilar fyrirtækisins segja að slæmt veðurfar hafi sett sláturplan úr skorðum. Ef rekstrarleyfishafi gerist aftur sekur um brot á tilgreindum hámarkslífmassa í rekstrarleyfi þá mun Matvælastofnun grípa til aðgerða sem getur leitt til afurköllunar rekstrarleyfis skv. 16. gr. laga nr. 71/2008 og 17. gr. reglugerðar nr. 1170/2015.

Frestur til úrbóta vegna frávíks 3.1.3 er veittur til 7 mars nk.

Vakin skal athygli á að skv. 1. mgr. 26. gr. stjórnslulaga, er þér heimilt að kæra ákvörðun þessa til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Jafnframt skal athygli vakin á 1. mgr. 27. gr. laganna, þar sem segir að stjórnslukæra skuli borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun."

Starfsstöð

Arctic Sea Farm hf. Dýrafjörður
Suðurgötu 12
400 Ísafjörður
Staða: Í gildi
Kennitala: 7008070450

Starfsemi

Frumframleiðsla - Þáttur VI - AE - Áframeldi

Tengiliðir

Steinunn Guðný Einarsdóttir	8694831	sg@afish.is	Gæðastjóri
Stein Ove Tveiten	8439900	sot@afish.is	CEO

2 - Leyfi

2.1 - Rekstrarleyfi og skírteini

7.gr. laga nr. 71/2008 og 34. gr. í reglugerð 1170/2015

2.1.1 Rekstrarleyfi

Sett inn: 03.02.2020

Alvarlegt frávik

Hámarkslífmassi á eldissvæði Arctic Sea Farm í Dýrafirði fór yfir 4.000 tonn í nóvember sl. og aftur í janúar sl. Arctic Sea Farm hefur heimild til að hafa allt að 4.000 tonn í hámarkslífmassa.

Ef rekstrarleyfishafi gerist aftur sekur um brot á tilgreindum hámarkslífmassa í rekstrarleyfi (4.000 tonn) þá mun Matvælastofnun grípa til aðgerða sem getur leitt til afurköllunar rekstrarleyfis skv. 16. gr. laga nr. 71/2008 og 17. gr. reglugerðar nr. 1170/2015.

3 - Byggingar, búnaður og eldissvæði

3.1 - Sjókvíaeldi

3.1.3 Eldisbúnaður

Sett inn: 03.02.2020

Frávik

Ekki er augnspotti bundinn í auga á tveimur stöðum á kví 1 í Eyrarhlíð

Ekki er augnspotti bundinn í auga á einum stað á kví 7 í Eyrarhlíð

Mikil áseta er á kvíum (sjá mynd)

Mynd 1



3.1.2 Velferð fiska

Sett inn: 03.02.2020

Í lagi

Mikið er af sveimurum í kvíum, sýni hafa verið send á Keldur. Dýralæknir fisksjúkdóma er upplýstur og sér um málið.

3.1.4 Eftirlit og viðgerðir á netpokun

Sett inn: 03.02.2020

Í lagi

Einungis nýir nótapokar eru í notkun á eldissvæðum Arctic Sea Farm

Rekstrarleyfishafi skal við eftirlit og viðgerðir á netpokum einungis skipta við verkstæði sem uppfyllir kröfur sem gerðar eru í NS 9415:2009. Faggild skoðunarstofa skal votta að viðgerðaraðili uppfylli skilyrði þar um.

Eftirfarandi skoðunatriði voru skoðuð og reyndust í lagi

2.1.2 Framleiðsluskýrsla	2.1.3 Stöðvarskírteini sjókvíaeldisstöðva	3.1.1 Bátar og flutningstæki
3.1.2 Velferð fiska	3.1.4 Eftirlit og viðgerðir á netpokun	3.1.5 Eldissvæði
3.1.6 Merkingar sjókvíaeldisstöðva	3.1.7 Framkvæmd flutnings	3.3.1 Viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga
3.3.2 Búnaður vegna slysasleppinga	3.3.3 Hámarksfjöldi fiska í sjókví	4.1.1 Dagbókarfærslur
4.1.2 Skráning vegna slátrunar og seiðasölu	5.1.1 Þjálfun starfsfólks	5.1.2 Verklagsreglur sjókvíaeldisstöðva
5.1.3 Viðbragðsáætlanir sjókvíaeldisstöðva	5.1.4 Innra eftirlit sjókvíaeldisstöðva	5.1.5 Innri úttekt - sannprófun sjókvíaeldisstöðva
5.1.6 Gæðahandbók sjókvíaeldisstöðva		

Hjörtur Methúsalemsson
hjortur.methusalemsson@mast.is
sérfræðingur í fiskeldi
5304800

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr.1170/2015 um fiskeldi. Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvíældi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.

Steinunn Guðný Einarsdóttir
Arctic Sea Farm
Aðalstræti 20
400 Ísafjörður

Selfoss 10. mars 2020
Tilvísun: 2002528

Efni: Vegna andmæla á frávikinu „Alvarlegt frávik – 2.1.1. Rekstrarleyfi er varðar meint brot á tilgreindum hámarkslífmassa

Andmæli vegna eftirlitsskýrslu (#18869) bárust Matvælastofnun í tölvupósti 17. febrúar 2020. Farið var í eftirlit 3. febrúar sl. á starfsstöð Arctic Sea Farm í Dýrafirði. Eftirlitsmaður Matvælastofnunar gerði athugasemdir við nokkur atriði og ábyrgðarmaður stöðvarinnar andmælir alvarlegu fráviki sem sett var við rekstrarleyfi. Farið er yfir þau andmæli sem liggja fyrir hér að neðan úr tölvupósti Arctic Sea Farm.

1. „Í fyrsta lagi komum við á framfæri ástæðu þess að lífmassi fór hærra en framleiðsluplan gerir ráð fyrir og útskýrðum við úttekt að það tengdist einstökum veðurskilyrðum“.

Í skýrslu er tekið fram að Arctic Sea Farm hafi komið með útskýringu á meintu broti „ábyrgðaraðilar fyrirtækisins segja að slæmt veðurfar hafi sett sláturplan úr skorðum“. Veðurfar á Íslandi að vetri til getur oft á tíðum verið slæmt og varla er um að ræða einstök veðurskilyrði. Rekstrarleyfishafi verður að gera ráð fyrir slíkum veðuraðstæðum í áætlunum sínum og gera þannig ráð fyrir því að daga í slátrun falli niður. Þó að skýr ástæða rekstrarleyfishafa hafi komið fram í eftirliti breytir það því ekki að hér er um frávik að ræða.

2. „Í öðru lagi, viljum við fá mat MAST á því hvort í raun hafi verið yfir hámarkslífmassa, enda er hluti af lífmassa sem fluttur er á þetta svæði sem seiði, framleiddur samkvæmt skilyrðum rekstrarleyfis í seiðaeldisstarfsemi í öðrum viðtaka og ætti að taka mið af í viðmiði lífmassa. Einnig höfum við á þessu eldissvæði annað rekstrarleyfi fyrir 200 tonnum og því hefur lífmassinn hvorki farið yfir heildarlífmassa leyfa og langt frá hámarkslífmassa burðarþolsmats fjarðarins (10 þúsund tonn).“.

Í rekstrarleyfi (FE-1123) Arctic Sea Farm er skilgreint að hámarkslífmassi sé 4.000 tonn. Þó að burðarþolsmat fjarðarins sé 10.000 tonn þá er Arctic Sea Farm einungis heimilt að nýta að hámarki 4.000 tonn og er þetta brot á skilyrðum rekstrarleyfisins. Skv. skilgreiningu á lífmassa í reglugerð um fiskeld er lífmassi margfeldi af fjölda og meðalþyngd eldisdýra á tilteknu eldissvæði í sjó eða landeldi og er hámarkslífmassi mesti lífmassi sem heimilaður er í rekstrarleyfi á hverjum tíma.

Seiðaeldisstöð hefur sitt rekstrarleyfi og fylgir þeim forsendum og skilyrðum sem falla undir það og verður það ekki skilgreint á neinn hátt undir rekstrarleyfi (FE-1123) Arctic Sea Farm í Dýrafirði. Áframeldi á fisknum á sér stað í Dýrafirði undir rekstrarleyfi FE-1123. Ekki er hægt að taka viðmið af lífmassanum sem alinn er

í seiðaeldisstöð á öðru rekstrarleyfi inn í umrætt rekstrarleyfi. Það skiptir því ekki máli hvort að seiðin sem sett eru út á svæðið hafi verið 100 gr. eða 1 kg., lífmassinn má ekki fara yfir 4.000 tonn á hverjum tíma.

200 tonna rekstrarleyfi Arctic Sea Farm IS-36099/FE-1084 er í Dýrafirði en á ekki við um staðsetningu Arctic Sea Farm að Eyrarhlíð, heldur staðsetningu miklu innar í firðinum, rétt við Þingeyri.

Í rekstrarleyfi (FE-1123) Arctic Sea Farm er skilgreint að hámarkslífmassi sé 4.000 tonn. Þó að burðarþolsmat fjarðarins sé 10.000 tonn þá er Arctic Sea Farm einungis heimilt að nýta 4.000 tonn og er þetta brot á skilyrðum rekstrarleyfisins.

3. „Til viðmiðunar þá er í hverri ferð brunnbáts losað um 80 tonn af lífmassa og í þessum tilvikum var um að ræða hliðranir á sláturplani vegna einstakra veðurskilyrða þar sem mannlíf voru tekin frammar framleiðsluplani. Finnst okkur nokkuð hart að hér sé haft í hótunum í gögnum sem einnig birtast opinberlega, að afturkalla mögulega útgefin rekstrarleyfi.“

Matvælastofnun vill að það sé skýrt að aldrei undir neinum kringumstæðum skal stofna mannlífi í hættu. Það er á ábyrgð rekstrarleyfishafa að setja upp raunhæfar framleiðslu áætlanir m.t.t. þeirra aðstæðna sem koma reglulega upp, gæta þess að lífmassi fari ekki upp fyrir hámarkslífmassa og brjóti þar af leiðandi skilyrði rekstrarleyfisins. Í skýrslu kemur fram eftirfarandi: „Ef rekstrarleyfishafi gerist aftur sekur um brot á tilgreindum hámarkslífmassa í rekstrarleyfi þá mun Matvælastofnun grípa til aðgerða sem getur leitt til afturköllunar rekstrarleyfis skv. 16. gr. laga nr. 71/2008 og 17. gr. reglugerðar nr. 1170/2015.“ Um brot á skilyrðum rekstrarleyfis er að ræða og er það ávallt meðhöndlað sem alvarlegt frávík. Einnig er vitnað beint í 16. gr. í lögum um fiskeldi.

16. gr. Afturköllun rekstrarleyfis.

- [Matvælastofnun] ¹⁾ getur afturkallað rekstrarleyfi ef leyfishafi eða starfsmenn hans brjóta gegn ákvæðum laga þessara eða stjórnvaldsfyrirmælum sem sett eru á grundvelli þeirra. Einnig er heimilt að afturkalla leyfi ef leyfishafi eða starfsmenn hans brjóta gegn skilyrðum rekstrarleyfis eða skilyrðum þess er að öðru leyti ekki fullnægt. Þá er og heimilt að afturkalla rekstrarleyfi ef leyfishafi verður ófær um að stunda rekstur og þegar eldisfiskur sleppur ítrekað frá fiskeldisstöð.
- Áður en gripið er til afturköllunar leyfis skv. 1. mgr. skal [Matvælastofnun] ¹⁾ ávallt veita rekstrarleyfishafa skriflega viðvörðun og hæfilegan frest til úrbóta.

Andmælum hafnað.

Samkvæmt ofangreindu hafnar Matvælastofnun andmælum Arctic Sea Farm á skráða frávíkinu „Alvarleg frávík – 2.1.1. Rekstrarleyfi“ er varðar meint brot á tilgreindum hámarkslífmassa.

Vakin skal athygli á að skv. 1. mgr. 26. gr. stjórnsýslulaga, er heimilt að kæra ákvörðun þessa til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Jafnframt skal athygli vakin á 1. mgr. 27. gr. laganna, þar sem segir að stjórnsýslukæra skuli borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun.

Virðingarfyllt
f.h. Matvælastofnunar

Hjörtur Methúsalemsson

Hjörtur Methúsalemsson
Sérfræðingur í fiskeldi